



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 119 / 68*  
*komudagur 7/6 1995*

Reykjavík 7. júní 1995

Samband veitinga- og gistihúsa hefur fengið til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum vegna aðildar Íslands að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.


Ljóst er að ef ofangreint frumvarp verður samþykkt óbreytt, munu neytendur og þar með íslensk ferðaþjónusta lítinn ávinning hafa af samningnum.

Með þessum tollum er fyrirfram verið að verðleggja erlendar vörur út af markaðnum, en neytendur standa í þeirri trú að tilgangurinn með þessum nýja samning með landbúnaðarvörur sé að auka viðskipti og samkeppni.

Íslensk veitingahús, sem þjóna bæði hinum íslenska markaði svo og tæplega 200.000 erlendum ferðamönnum á ári, búa við mjög hátt innkaupsverð landbúnaðarvara eins og allur almenningur í landinu. Matur er mjög stór þáttur í verðlaginu ferða til Íslands og því erfiður samkeppnisþáttur, þar sem íslensk ferðaþjónusta á í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.

Veitingahúsin áttu sér þá von að eðlilegur innflutningur landbúnaðarvara myndi leiða til fjölbreyttara úrvals vörutegunda á lægra verði svo og leiða til þess að eðlilegt verð myndaðist á íslenskum landbúnaðarafurðum. Með samþykkt þessa frumvarps er sú von orðin að engu.

Virðingarfyllt  
SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSA

  
Erna Hauksdóttir  
framkvæmdastjóri